# Þriðjudagur 26. desember



## SJÓNVARPIÐ

14.00 **Jólatónleikar með Luciano Pavarotti** (A Christmas Special with Luciano Pavarotti). Jólatónleikar í Notre-Dame kirkjunni í Montreal í Kanada. Pavarotti syngur sígild jólalög með tveimur kanadískum kórum: Les Petits Chanteurs du Mont-Royal og Les Disciples de Marsenet. Tónlistarstjóri Franz-Paul Decker. Áður á dagskrá 24. desember 1988.

15.00 **Löggulíf.** Gamanmynd eftir Þráin Bertelsson. Þeir félagarnir Þór og Danni lenda í nýjum ævintýrum, í þetta sinn í einkennisbúningi lögreglunnar. Aðalhlutverk Karl Ágúst Úlfsson og Eggert Þorleifsson.

16.30 **Saltprinsinn.** Slóvenskt ævintýri. Þegnar konungs nokkurs fylgja fordæmi hans og meta gull meira en allt annað í lífinu. Þeim er harðlega refsað fyrir fávisku sína en yngsta dóttir konungs lætur ekki glepjast af gulli og kemur þeim til bjargar. Þýðandi Veturliði Guðnason.

18.00 **Enginn venjulegur drengur.** Ný íslensk mynd, gerð eftir handriti Iðunnar Steinsdóttur. Leikstjóri Ari Kristinsson. Aðalhlutverk Ari Klængur Jónsson, Valdimar Örn Flygenring, Edda Heiðrún Backman og Sólrún Yngvadóttir. Villi er sjö ára og er lítið gefinn fyrir íþróttir, vill heldur sitja heima og lesa. Pabbi hans gerir hvað hann getur til að vekja áhuga Villa á fótbolta en án árangurs.

18.30 **Sammi slökkviliðsmaður.** (Fireman Sam Special). Slökkviliðsmaðurinn góðkunni úr Töfraglugganum birtist hér í nýju ævintýri. Þýðandi Kristín A. Árnadóttir. Sögumaður Halldór N. Lárusson.

19.00 **Svarta naðran í hátíðarskapi.** (Blackadder Christmas Carol). Hinir stórskemmtilegu félagar úr sjónvarpsþáttunum Svarta naðran hressa hér upp á jólaskapið. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.

19.50 **Táknmálsfréttir.**

20.00 **Fréttir og veður.**

20.30 **Anna.** 2. þáttur. Þýskur framhaldsmyndaflokkur um Önnu sem stefnir hátt í ballettheiminum. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.

21.25 **Umhverfis jörðina 80 ára.** Heimildarmynd um ævi paters Jóns Sveinssonar, höfundar Nonnabókanna. Dagskrárgerð Helgi Sverrisson.

22.25 **Söngvarar konungs á léttu nótunum.** Söngflokkurinn King's Singers kom til Íslands í vor á vegum Tónlistarfélagsins. Í þessum þætti flytur hann létt lög úr ýmsum áttum, m.a. syngja þeir eitt bítlalag. Upptöku stjórnaði Tage Ammendrup.

22.50 **Jólaspúsan.** (The Christmas Wife). Leikstjóri David Jones. Aðalhlutverk Jason Robards og Julie Harris. Bandarísk sjónvarpsmynd, byggð á smásögu eftir Helen Norris, um roskið par sem af tilviljun eyðir jólunum saman. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.

0.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Litli krókódíllinn.** Kanalligator. Þýsk teiknimynd um krókódíl sem lifir í holræstum New York borgar.

9.20 **Jólatréð.** H. C. Andersen hefur löngum verið þekktur fyrir ævintýri sín. Jólatréð heitir eitt þeirra.

9.50 **Snjókarlinn.** Teiknimynd.

10.20 **Tumi þumall.** Hann Tumi þumall kom í heiminn í blómi. Kannski er það þess vegna sem hann sér ekki heiminn sömu augum og við?

10.45 **Jólabrúðan.** Þessi jólabrúða á heldur betur gjafmildan pabba því hann er enginn annar en sjálfur jólasveinninn.

11.15 **Höfrungavík.** Dolphin Cove. Framhaldsmynd fyrir alla aldurshópa í átta hlutum. Annar hluti.

12.05 **Kór Langholtskirkju.** Útsending frá jólatónleikum kórs Langholtskirkju í desember 1987.

12.55 **Draumalandið.** Twice upon a Time. Vönduð og skemmtileg teiknimynd sem gerist í fyrndinni og segir frá fólki sem dreymir ýmist vel eða illa.

14.10 **Oliver.** Vart þarf að kynna söguþráð þessa vinsæla gamanleiks en hann segir frá munaðarlausum dreng, Oliver, sem gengur kaupum og sölum. Myndin hlaut sex óskarsverðlaun, meðal annars fyrir frumleg dansatriði. Aðalhlutverk: Ron Moody, Shani Wallis, Oliver Reed, Harry Secombe og Mark Lester. Leikstjóri: Carol Reed.

16.45 **Jólaboð.** Það verður mikið um dýrðir og einnig verða óvæntar uppákomur og ef til vill verða þarna furðufuglar úr fjöllunum. Dagskrárgerð: Guðrún Þórðardóttir og Maríanna Friðjónsdóttir.

17.25 **Mahabharata. Tafl í túni.** Heillandi ævintýri fyrir alla fjölskylduna. Annar þáttur af sex. Leikstjóri: Peter Brook.

18.25 **Jól með Anne Murrey.** Anne Murrey's Family Christmas. Söngkonan fræga, Anne Murray, tekur á móti mörgum góðum gestum sem njóta gestrisni hennar í notalegu umhverfi.

19.19 **Hátíðarfréttir.**

19.45 **Borð fyrir tvo.** Aðalhlutverk: Þórhallur Sigurðsson og Eggert Þorleifsson.

20.15 **Von og vegsemd.** Hope and Glory. Hugljúf mynd um ungan dreng sem upplifir stríðið á annan hátt en gengur og gerist. Leikstjóri og framleiðandi: John Boorman.

22.10 **Töfrar.** The Secret Cabaret. Töfrabrögð og sjónhverfingar eins og þú hefur aldrei séð áður.

22.35 **Annie Hall.** Ein af þekktari myndum leikarans og leikstjórans Woody Allen. Hér er Woody í hlutverki Alvy Singer sem er vinsæll gamanleikari sem á við persónuleg vandamál að stríða.

0.10 **Hættuástand.** Critical Condition. Richard Pryor fer á kostum sem tugthúslimur. Misheppnað rán í verslun, sem sérhæfir sig í hjálpartækjum ástarlífsins, kemur honum á bak við lás og slá. Aðalhlutverk: Richard Pryor, Rachel Ticotin, Ruben Blades og Joe Mantegna. Leikstjóri: Michael Apted.

1.45 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**

8.05 **Morgunandakt.** Séra Guðni Þór Ólafsson, prófastur á Melstað, flytur ritningarorð og bæn.

8.15 **Veðurfregnir.**

8.20 **Ave Maria,** jólatónlist frá endurreisnartíð.

9.00 **Fréttir.**

9.03 **Litli barnatíminn:** Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Einn sólarhringur í landi við enda Vetrarbrautarinnar. Guðmundur Ólafsson og Salka Guðmundsdóttir flytja. (1) Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.

9.20 **Af himnum ofan boðskap ber.** Þýskar jólamótettur og kantötur eftir Schütz, Kuhnau og Zachow.

10.00 **Fréttir.** Auglýsingar. Dagskrá.

10.10 **Veðurfregnir.**

10.25 **Hljómskálakvintettinn leikur.**

11.00 **Messa í Neskirkju.** Prestur: séra Frank M. Halldórsson.

12.10 **Dagskrá.**

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.

13.00 **Í dagsskímunni ljósið logar.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir.

14.00 **Dómkirkjan í Hróarskeldu.** Umsjón: Gunnar Stefánsson.

14.50 **Þættir úr sígildum tónverkum eftir Händel,** Bach, Mozart, Bruch, Beethoven og Haydn.

16.00 **Fréttir.**

16.03 **Á dagskrá.**

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Barnaútvarpið .** Jólasögur frá börnum á Borgarfirði eystri og jólakötturinn segir farir sínar ekki sléttar. Umsjón: Kristjana Bergsdóttir.

17.00 **Fögur jól færðu í mitt hús.** Ingólfur Guðbrandsson velur og kynnir tónlist að sínu skapi.

18.00 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur.

18.20 **Tónlist.** Auglýsingar.

18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.30 **Auglýsingar.**

19.22 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.

20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Einn sólarhringur í landi við enda Vetrarbrautarinnar. Guðmundur Ólafsson og Salka Guðmundsdóttir flytja. (1) Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)

20.15 **Jólaóratórían eftir Johann Sebastian Bach.** Fyrsta og önnur kantata. Ensku barokk-einleikararnir, Monteverdi kórinn og einsöngvarar flytja; John Elliot Gardiner stjórnar. Knútur R. Magnússon les guðspjöllin og íslenskar þýðingar Þorsteins Valdemarssonar á ljóðunum.

21.15 **Jólagestastofa.** Finnbogi Hermannsson tekur á móti gestum á Ísafirði.

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.20 **Bréfberi á jólanótt.** Grátbrosleg frásögn eftir Benjamín Sigvaldason. Flytjendur: Viðar Eggertsson, Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Halldór Björnsson.

22.50 **Óratórían Sköpunin eftir Joseph Haydn.** Flytjendur: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kór Langholtskirkju og einsöngvararnir Soile Isokoski sópran, Guðbjörn Guðbjörnsson tenór og Viðar Gunnarsson bassi. Stjórnandi: Petri Sakari. Kynnir: Jón Múli Árnason. (Hljóðritað á tónleikum í Háskólabíói 7. þ.m.)

1.00 **Veðurfregnir.**

1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

9.00 **Jólamall.** Ólafur Þórðarson bregður plötum á fóninn og spjallar við hlustendur.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Jól að norðan** með Ingu Eydal. (Frá Akureyri)

14.00 **Jól með Bítlunum.** Skúli Helgason kynnir hljóðritanir frá BBC með Bítlunum þar sem þeir leika og syngja jólalög.

15.00 **Jól með Elvis Presley.** Megas heldur upp á jólin með rokkkónginum og leikur nokkur af fjölmörgum jólalögum úr safni hans. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu aðfaranótt fimmtudags kl. 2.05.)

16.00 **Hvað fékkstu í jólagjöf?** Gestir líta við hjá Þorsteini J. Vilhjálmssyni og velja sér lög af plötunum og diskunum sem þeir fengu í jólagjöf.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.22 **Sjómannajól.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir ræðir við unga og aldna sjómenn um jólin heima og heiman. Síðari þáttur. (Einnig útvarpað kl. 3.00 í næturútvarpinu.)

20.20 **Útvarp unga fólksins.** Rætt verður við tónlistarmann og íþróttamann sem hlustendur hafa valið og vilja heyra í. Einnig verður farið í jólasveinaleik með nemendum Hagaskóla og leikhúsfréttir verða sagðar frá Akureyri.

22.07 **Jólaball.** Skúli Helgason stjórnar jólaballi rásar 2. Meðal annars leikur Bítlavinafélagið í eina klukkustund. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)

1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.

2.00 **Fréttir.**

2.05 **Snjóalög.** Umsjón: Snorri Guðvarðarson. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á rás 1.)

3.00 **Sjómannajól.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir ræðir við unga og aldna sjómenn um jólin heima og heiman. Síðari þáttur. (Endurtekinn frá liðnu kvöldi.)

4.00 **Fréttir.**

4.05 **Jólatónar.**

4.30 **Veðurfregnir.**

4.40 **Jólatónar.**

5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

5.01 **Hvítar nótur.** Jóladjass í umsjá Péturs Grétarssonar. (Endurtekið úrval frá kvöldi jóladags á rás 2.)

6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

6.01 **Norrænir tónar.** Ný og gömul dægurlög frá Norðurlöndum.

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Haraldur Gíslason** vaknar snemma og spjallar ljúft og létt við hlustendur sem vakna með honum.

14.00 **Harry og Heimir.** Með öðrum morðum. 2. þáttur endurfluttur. Sakamálaleikrit sem engin má missa af.

14.00 **Jólatónlist í hátíðarbúningi.**

16.00 **Vilhjálmur Vilhjálmsson.** Endurfluttur þáttur Þorsteins J. Vilhjálmssonar og Ásgeirs Tómassonar. Viðtöl við vini Vilhjálms, tónlistarmenn og fleira gott fólk. Lögin hans Vilhjálms og meira til.

18.00 **Pétur Steinn Guðmundsson** og endurtekið viðtal við Jónu Rúnu Kvaran.

19.00 **Jólatónlist.**

20.00 **Næturvaktin.** Ágúst Héðinsson í sparifötunum á jólanæturvakt.

2.00 **Á næturrölti** með Freymóði T. Sigurðssyni.

## STJARNAN FM 102 & 104

8.00 **Darri Ólason.** Ef þú vaknar snemma þá er Darri með réttu tónlistarblönduna.

12.00 **Ólöf Marín Úlfarsdóttir.** Hvað er í bíó? Þetta er einn mesti bíódagur ársins og Ólöf hefur kynnt sér vel dagskrá kvikmyndahúsanna.

16.00 **Kristófer Helgason.** Áframhald á bíódagskránni.

20.00 **Arnar Albertsson.** Við erum ennþá í jólaskapi en rokkum vel inn á milli.

1.00 **Björn Sigurðsson.** Náttrhafn Stjörnunnar á sínum stað. Stjarnan er eina útvarpsstöðin á landinu sem er með „lifandi" næturvakt!

## FM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.

10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.

13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.

16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.

19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.

22.00 **Valgeir Vilhjálmsson.** Nýkominn úr keilu, hress og kátur.

1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

8.00 **Sálartetrið.** Endurtekinn þáttur Inger Önnu Aikman.

10.00 **Oddur Magnús.** Jólastemmningin á ljúfum nótum.

13.00 **Við viljum lifa** Endurtekinn þáttur með Ríó tríói.

16.00 **Inger Anna Aikman.** Á jólanótum.

19.00 **Ljúf Jólatónlist.**

24.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

## SKY One

5.00 **Viðskiptaþáttur.**

5.30 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.

9.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.

10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.

10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.

11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.

12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.

12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.

13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.

14.45 **Loving.**

15.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.

16.00 **Poppþáttur.**

17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.

18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.

18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.

19.00 **Frank Bough's World.** Fræðslumyndaflokkur.

20.00 **The Baron and the Kid.** Kvikmynd.

22.00 **The Funniest Joke I Ever Heard.** Grínþáttur.

23.00 **Fréttir.**

23.30 **Who is Harry Kellerman and Why Is He Saying Those Terrible Things About Me.** Kvikmynd.

## SKY MOVIES

6.05 **My Little Phony, The Movie.**

8.00 **Watership Down.**

10.00 **Mr. Mom.**

12.00 **Pirates.**

14.00 **Wind in the Willows.**

16.00 **Biggles.**

18.00 **Little Shop of Horrors.**

20.00 **Dirty Dancing.**

22.00 **Year of the Dragon.**

24.00 **The Fly.**

01.40 **The Hitchhiker.**

02.10 **9½ Weeks.**

04.00 **Stakeout.**

## EUROSPORT

9.00 **Tennis.** Keppni landsliða í Ástralíu.

12.00 **Frjálsar íþróttir.** Bestu frjálsíþróttamenn ársins.

13.00 **Invitation to Goodwood.**

14.00 **Krikket.** Ástralía–West-Indies.

15.00 **16 Days of Glory.** Annar hluti.

17.00 **The World at Their Feet.** Kvikmynd um Heimsmeistarakeppnina í fótbolta 1970.

18.00 **Tennis.** Keppni landsliða í Ástralíu.

20.00 **Mótorhjólakappakstur.** Helstu atburðir 1989.

21.15 **Wrestling.**

22.15 **Marathon Story.** Kvikmynd.

0.15 **Rall.** París–Dakar.

## SCREENSPORT

7.00 **Listhlaup á skautum.** Heimsmeistarakeppnin í Washington.

9.00 **Karate.**

10.00 **Hnefaleikar.**

11.30 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar í NFL-deildinni.

13.30 **Wide World of Sport.**

14.30 **Körfubolti.** Connetcicut–Maryland.

16.00 **Íshokkí.** Leikur í NHL-deildinni.

18.00 **Listhlaup á skautum.** Keppni í Kanada.

19.30 **Körfubolti.** Wake Forest–Seton Hall.

21.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.

23.00 **Íþróttir á Spáni.**

23.15 **Kappakstur.**

---

### Rás 1 kl. 09.03:

## Litli barnatíminn

Flutt verður Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Ævintýrið verður á dagskrá tvisvar á dag yfir hátíðarnar kl. 9.03: og kl. 20.00:

Við ferðumst með Önnu Sóleyju til enda vetrarbrautarinnar og kynnumst stjörnugæslumönnum sem bera ábyrgð á því að jólastjarnan sé björt og skínandi á jólanótt. Við kynnumst fljúgandi Trítli, drengnum Bjarma og Durti sem er mikill örlagavaldur í sögunni.

Olga Guðrún er höfundur en Guðmundur Ólafsson leikari flytur ásamt Sölku Guðmundsdóttur og Finni Guðmundssyni. Umsjón með þættinum hefur Sigrún Sigurðardóttir. -Pá



Tony Robinson og Rowan Atkinson í hlutverkum sínum í jólaævintýrinu.

### Sjónvarpið kl. 19.00:

## Svarta naðran í hátíðaskapi

Farsakenndur útúrsnúningur á frægu jólaævintýri Dickens um grútarháleistinn Ebeneser sem snýr frá villu síns vegar á jólanótt og verður góður og örlátur.

Hér er á ferðinni grínengið sem skemmt hefur áhorfendum um hríð undir nafninu Svarta naðran. Þessum mönnum er ekkert heilagt og jafnvel jólin verða þeim tilefni til ærsla og fíflaláta. -Pá

### Sjónvarp kl. 15.00:

## Löggulíf

Rammíslenskt spaug og spé í útfærslu Þráins Bertelssonar sem gerði þrjár myndir með klaufunum Þór og Danna. Þetta er hin þriðja og síðasta.

Þór og Danni, aularnir ráðagóðu, eru gengnir til liðs við vaskar sveitir lögreglunnar. Þeir hafa sem endranær sitt persónulega lag á hlutunum og það gengur ekki alltaf sem skyldi.

Þeir Eggert Þorleifsson og Karl Ágúst Úlfsson fara með hlutverk klaufabárðanna seinheppnu. Handritið lumar á góðum sprettum og nokkrar senur í myndinni eru bráðfyndnar, t.d. ökuferð blinda mannsins á Voffanum og fleiri góð atriði. -Pá




Woody Allen og Diane Keaton í Annie Hall.

### Stöð 2 kl. 22.35:

## Annie Hall

Alvy Singer er gamanleikari í New York sem á velgengni að fagna. Engu að síður er hann taugaveiklaður og trekktur en reynir eftir bestu getu að greiða úr sínum flækjum. Hann kynnist ungri saklausri stúlku, Annie Hall, sveitastúlku frá Wyoming sem ætlar að verða fræg söngkona.

Myndin sem er frægasta verk Woody Allens fjallar um samband þeirra á þann hátta sem Allen einum er lagið. Myndin er ekki bara rannsókn á mannlegum samskiptum heldur líka ástaróður til New York borgar, stórborgarinnar sem aldrei sefur.

Myndin fékk fern óskarverðlaun árið 1977. Hún var talin besta myndin. Diane Keaton fékk óskar fyrir besta leik í kvenhlutverki og Allen fékk tvo fyrir besta handrit og bestu leikstjórn. Maltin gefur 4 stjörnur og engin spurning að bíóunnendur láta þetta ekki fram hjá sér fara. -Pá